



Fundargerð

1. mars 2019

Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi

Fundurinn er númer 8 hjá núverandi stjórn og númer 1028 frá upphafi.

Mætt: Sveinn Kristinsson formaður, Ragna Árnadóttir, Ívar Kristinsson, Jónas Sigurðsson, Þóra Björk Nikulásdóttir, Hrund Snorradóttir, Gísli Rafn Ólafsson, Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, Oddrún Kristjánsdóttir, Helgi Ívarsson, Halldór Valdimarsson, Sveinn Þorsteinsson, Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri og Krístrún Pétursdóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll boðaði: Silja Bára Ómarsdóttir

Formaður setti fundinn kl. 16:07

Formaður bauð stjórn velkomna á fundinn.

1. Fundargerð framkvæmdaráðs 22. febrúar 2019

Samþykkt.

2. Fundargerð stjórnarfundar 25. janúar 2019

Samþykkt.

3. Sjúkrabílamál

Farið var yfir stöðu viðræðna vegna sjúkrabíla. Til stóð að hitta heilbrigðisráðherra í vikunni og fara yfir niðurstöður skýrslu Capacent, en ekkert varð af þeim fundi. Stjórn telur það mikið áhyggjuefni hve hægt viðræður ganga. Samþykkt var að ef enginn samningsgrundvöllur lægi fyrir á næsta stjórnarfund 5. apríl nk. yrði að setja tímamörk á samningsviðræður.

Jónas vék af fundi kl. 16:48.

4. Fjárfestingar í Skútuvogi

Kristín greindi frá 20 milljón króna fjárfestingu í fataverkefni Rauða krossins. Pantaðir hafa verið tveir lyftarar, tveir rafmagnstjakkar og einn sendibíll.

5. Sjálfbóðaliðaping

Drög að dagskrá Sjálfbóðaliðapings Rauða krossins 2019 voru lögð fyrir stjórn og þau samþykkt samhljóða. Til stendur að halda fjórar málstofur þar sem hver sjálfbóðaliði getur sótt tvær. Stefnt er að því að enda síðan daginn á létttri og skemmtilegri keppni í ýmsum Rauða kross greinum.

Ákveðið var að halda settum fundartíma fyrir stjórnarfund maímánaðar, 4. maí kl 10:00.

6. Tillaga um ný fjárhæðarmörk vegna endurskoðunar ársreikninga deilda

Tillaga er um að reglur um ársreikninga og ársskýrslur deilda verði uppfærðar og lið um fjárhæðarmörk vegna endurskoðunar deilda bætt við í kaflann ársreikningar. Stjórn samþykkti breytingarnar samhljóða:



Liður 8.

Með tilvísun í 4 mgr. 15. gr. laga félagsins skulu fjárhæðarmörk vegna endurskoðunar deilda vera sem hér segir:

- a) Ársreikningar deilda með tekjur yfir 50 milljónir króna skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda Rauða krossins á Íslandi og skoðunarmönnum viðkomandi deildar.
- b) Ársreikningar deilda með tekjur á bilinu 10-50 milljónir skulu yfirfarnir og uppsettir af endurskoðanda félagsins í svokölluðu óendurskoðuðu uppgjöri og endurskoðaðar af skoðunarmönnum viðkomandi deildar.
- c) Ársreikningar deilda með tekjur undir 10 milljónum skulu endurskoðaðir af skoðunarmönnum viðkomandi deildar.

Sé skoðunarmaður löggiltur endurskoðandi nægir að hafa einn skoðunarmann skv. a.-c. liðum hér að ofan.

Verði breyting á tekjum deildar sem hefur þau áhrif að deild færist niður á milli liða hér að ofan skal einungis gera breytingu á endurskoðunarkröfum ef líklegt er talið að breytingin muni vara í að minnsta kosti 2-3 ár.

7. Húsnæðismál

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundi með formanni Rauða krossins í Reykjavík um húsnæðismál deildarinnar og fyrirhugaðar breytingar á húsnæði Rauða krossins í Efstaleiti 9. Framkvæmdastjóri ásamt arkitekt hússins fóru á fund skipulagsyfirvalda í Reykjavík þar sem farið var yfir deiliskipulag Efstaleitis 9. Sérstakur vinnuhópur fimm fulltrúa frá Reykjavíkureild, Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild, ásamt starfsfólki með starfsstöð í Efstaleiti 9, mun þarfagreina nýtingu hússins og meta framtíðar húsnæðisþörf félagsins. Málið verður áfam kynnt innan stjórnar.

8. Málefni deilda

- a) Aðalfundur hafa gengið vel. Þrjár deildir á Vesturlandi hafa hug á því að sameinast, Borgarfjarðardeild, Stykkishólmsdeild og Búðardalsdeild. Stofnfundur verður síðar í mars.
- b) Bréf hefur verið sent til allra Rauða kross félaga búsettra á Fáskrúðsfirði. Tilefni bréfsins var boðaður aðalfundur Fáskrúðsfjarðardeildar árið 2019. Óskað var eftir því að fyrrum formaður deildarinnar myndi aflýsa fundinum, þar sem engin deild væri til staðar og ekki rétt kjörin stjórn.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Eliza Reid forsetafrú er reiðubúin að koma að verkefnum tengdum innflytjendum.
- b) Menntamálaráðherra hefur rætt um aukinn stuðning fyrir börn af erlendum uppruna við að stunda nám í framhaldsskólum.
- c) Óskað var eftir því á síðasta stjórnarfundi að skoðaðar yrðu útfærslur á ávöxtunarsjóði fyrir deildir. Ákveðið var að taka málið fyrir síðar.
- d) Næsti hópur kvótaflóttafólks fer á Hvammstanga og Blönduós.



Fundargerð

1. mars 2019

10. Önnur mál

- a) Undirbúningur að opnun Sárafatæktarsjóðs er á lokametrum.
- b) Framkvæmdastjóri getur þess að ekki verði fleiri gámar sendir til Hvíta-Rússlands vegna verkefnisins „Föt sem framlag“.
- c) Rætt var um breyttar áherslur í fataverkefni Rauða krossins, leggja þurfi meiri áherslu á búðirnar og reyna að höfða meira til yngra fólks. Samskipti deilda við Eimskip voru rædd og mikilvægi þess að samstarfið gangi vel.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17:32